



STEFNA LANDSSAMBANDS UNGMENNAFÉLAGA

BYGGÐ Á STEFNU SEM SAMÞYKKT VAR Á 14. SAMBANDSPINGI LUF 25. FEBRÚAR 2018.
ENDURSKOÐUÐ Á 9. og 10. STJÓRNARFUNDUM M.T.T. ÚTKOMU STEFNUMÓTUNARVINNU
FRÁ 1. LEIÐTOGARÁÐSFUNDI. ÁHERSLUBREYTINGAR LAGÐAR FYRIR 2.
LEIÐTOGARÁÐSFUND 3. SEPTEMBER 2020. BREYTINGAR SAMÞYKKTAR Á SAMBANDSPINGI
27. FEBRÚAR 2021.



POLICY OF THE NATIONAL YOUTH COUNCIL OF ICELAND

ADOPTED BY THE 17TH GENERAL ASSEMBLY OF LUF, 27. FEBRUARY 2021

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	2
1. RÉTTINDI UNGS FÓLKS	4
1.1. Félagsleg samlögun	4
1.2. Jafnrétti	4
1.3. Heilsa og vellíðan	5
1.4. Atvinnu- og menntamál	5
1.5. Húsnæðismál	6
2. ÞÁTTTAKA UNGS FÓLKS	6
2.1. Lýðræðisþátttaka	7
2.2. Stjórnmalabátttaka	7
2.3. Valdefling og fræðsla	7
2.4. Fjármálalæsi	8
2.5. Ábyrgð fjölmiðla	8
3. STERK UNGMENNAFÉLÖG	9
3.1. Jafnræði fjárúthlutana	9
3.2. Ungmennastjórnir	9
3.3. Heildarmálsvari	10
4. ALÞJÓÐAMÁL	10
4.1. Sjálfbær þróun	11
4.2. Þróunarsamvinna	11

FORMÁLI

Á sambandsþingi 2013 var tillaga samþykkt um að haldinn yrði stefnumótunarfundur þar sem fulltrúar aðildarfélaganna kæmu saman til að móta megináherslur í starfi LUF. Ferlið hófst á könnun sem send var út á aðildarfélögin til að kanna álit aðildarfélaganna á framtíðarsýn félagsins og fundað var ítarlega með flestum aðildarfélögum. Þannig var jarðvegurinn undirbúinn fyrir sérstakan stefnumótunarfund sem haldinn var á Úlfjótuvatni sama ár. Fulltrúar aðildarfélaganna voru nokkuð samstíga varðandi megináherslur og verkefni sem félagið gæti unnið að til lengri tíma. Þar kom m.a. sterklega fram áhersla á samfélagsþátttöku ungs fólks, lýðræði, aðkomu ungs fólks að ákvarðanatöku og fjármögnun ungmennafélaga.

Árið 2014 voru þrjár Leiðtogaráðsráðsfundir tileinkaðir áframhaldandi þróun stefnumótunar. Stjórn LUF 2015 tók við keflinu, fullmótaði stefnuna sem samþykkt var á sambandsþingi 2016. Þar með var fyrsta opinbera stefna félagsins samþykkt og skiptist hún í megináherslurnar: *lýðræðisþátttöku ungs fólks, valdeflingu ungs fólks og fjármögnun og rekstur æskulýðsstarfs*. Skipuð var sérstök stefnumótunarnefnd leiðtogaráðs í lok árs 2016 sem var falið það verkefni að gera stefnuna mælanlega og áætla tíma fyrir endurskoðun. Þá var megináherslunum breytt í: *samfélagsþátttöku, valdeflingu og sjálfstæð ungmennafélög*. Breytingatillögur nefndarinnar voru samþykktar á sambandsþingi 2017 og vann stjórn LUF 2017-2018 sérstaka framkvæmdaáætlun og mælanleg markmið sem tóku mið af stefnunni.

Eftir að hafa náð flestum markmiðum framkvæmdaáætlunar var ljóst að þörf var á stefnu til lengri tíma. Stefna LUF hafði á örskömmum tíma haft áhrif á samfélagsumræðuna og dagskrá stjórnvalda með t.d. afstöðu LUF til lækkun kosningaaldurs og vilja til að standa fyrir skuggakosningum. Þess vegna horfði stjórn LUF 2017-2018 til þess að víkka stefnuna og horfa til lengri tíma, til að hafa áhrif á fleiri málaflokka sem snerta ungt fólk í von um frekari samfélagsáhrif. Þá er einnig verið að mæta aukinni kröfu um „ungmennasampættingu“ (e. youth mainstreaming), þar sem ætlast er til þess að sjónarhorni ungs fólks sé fléttað inn í stefnumótun í öllum málaflokkum og tekið tillit til á öllum sviðum samfélagsins. Vegna þess að ekki er til heildstæð stefna hins opinbera í málefnum ungs fólks (e. national youth policy) telur LUF brýna þörf fyrir því að færa út kvíarnar og leggja grunn að leiðarvísi. LUF hefur lengi gagnrýnt stefnuleysi stjórnvalda og barist fyrir heildstæðri landsstefnu, líkt og flest lönd hafa sett sér. Með því að bæta við málaflokkum í stefnuna getur LUF betur tryggt að sjónarhorn aðildarfélaganna komi fram í heildstæðri stefnu Íslands.

Stefnumótunarvinnan hófst þá að nýju á greiningu, flokkun og forgangsroðun stjórnar á 15 málefnum. Í framhaldinu var send út könnun á aðildarfélögin sem þótti tímabært

miðað við að sambærileg könnun var framkvæmd árið 2013. Fjórdi leiðtogaráðsfundur 5. febrúar 2018 var síðan tileinkaður stefnumótunarvinnu leiðtogaráðs. Stjórnin fullmótaði stefnudrögin og tók sérstakt mið að gæðastöðlum Evrópska ungmennavettvangsins (YFJ). Stefna LUF 2017 var notuð sem grunnur, með tilliti til þess sem kom fram á fundi leiðtogaráðs, greiningu á niðurstöðu könnunar, alþjóðlegra sáttmála, mannréttinda og áherslna YFJ. Þannig er stefnan réttindamiðuð og byggist á staðreyndum. Opið var fyrir breytingatillögur á stefnudrögunum þegar þau voru send út á aðildarfélögin þann 11. febrúar 2018. Stefnan var kynnt í heild sinni á sambandsþingi LUF 25. febrúar 2018 og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum þingfulltrúa.

Stefna LUF skiptist þá í fjórar megináherslur: *réttindi ungs fólks, þátttaka ungs fólks, sjálfstæði ungs fólks og sterk ungmennafélög*. Yfirgnæfandi meirihluti þingsins kaus „sjálfstæði ungs fólks“ sem þema ársins 2018, en undir þá áherslu falla heilbrigðis-, atvinnu-, mennta- og húsnæðismál ungs fólks. Var sú niðurstaða merkileg að því leytinu til að þeir málaflokkar höfðu fyrir þann tíma ekki verið formfestir í stefnu LUF. Rennur niðurstaðan stoðum undir þörfina fyrir heildstæða stefnu hins opinbera um málefni ungs fólks og er vonast til að stefna þessi vísi veginn. Stefnan var kynnt fyrir Æskulýðsráði ríkisins 19. mars 2018 og var eintak af henni afhent Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra á 1. leiðtogaráðsráðsfundi 2018.

Stefna LUF var endurskoðuð að nýju á stjórnarárinu 2020-2021. Stjórn LUF þótti tímabært að endurskoða stefnuna í takt við breyttar aðstæður og varð það því að lið í framkvæmdaráætlun stjórnar sem leiðtogaráðið samþykkti á fyrsta fundi þess í júlí 2020. Fyrsti leiðtogaráðsfundurinn var því tileinkaður vinnu að endurbótum þar sem ráðið kom með tillögur að breyttum áherslum. Stjórn endurskoðaði stefnuna með tilliti til útkomu stefnumótunarvinnu leiðtogaráðs, lagði drög fyrir á öðrum fundi ráðsins og loks fyrir sambandsþing 2021.

Stefna þessi skal endurskoðuð eftir þörfum, en breytingar krefjast samþykkis sambandsþings. Samkvæmt 20. gr. laga LUF skal Leiðtogaráð samþykkja framkvæmdaáætlun stjórnar á fyrsta fundi sínum ár hvert. Sú áætlun byggir á framkvæmd stefnunnar með útlistuðum aðferðum. Halda skal utan um mat á framkvæmd og skal framvindan útlistuð í áfangaskýrslu stjórnar sem fer fyrir 3. leiðtogaráðsfund ár hvert.

1. RÉTTINDI UNGS FÓLKS

Engin algild og alþjóðleg skilgreining er til um ungt fólk, en stofnanir, ríki og fræðimenn sammælast að átt er við ferli frá forræði til sjálfræðis. Kynslóðirnar sem nú vaxa úr grasi ná fullu sjálfstæði síðar á lífsleiðinni en fyrri kynslóðir. Afleiðing þess er meðal annars sú að í auknu mæli festast einstaklingar í millibilsástandi þess að

vera lögráða en hafa í raun ekki náð fullu sjálfstæði. Mikilvægt er að horfst sé í augu við þessa þróun.

Geta ungs fólks til að taka fulla ábyrgð á eigin lífi eftir 18 ára aldur, lýðræðisleg borgaravitund og aðgengi að félags- og efnahagslegum réttindum helst í hendur. Ef þörfum ungs fólks er ekki mætt er hætta á að trú ungs fólks á lýðræði bresti. LUF kallar á aðgerðir í heilbrigðis-, atvinnu-, mennta- og húsnæðismálum þar sem tekið er sérstakt tillit til ungs fólks og telur að brýn þörf sé á heildstæðri stefnu hins opinbera í málaflokknum.

1.1. Félagsleg samlögun

Ungt fólk stendur frammi fyrir mismunun þegar kemur að aðgengi að borgaralegum-, pólitískum-, efnahagslegum- og félagslegum réttindum. Horfast þarf í augu við að ungt fólk er jaðarsett vegna aldurs og er oft berskjaldaðasti hópur samfélagsins. Líta þarf til þess að ungmenni yfir 18 ára aldri njóta ekki sérstakrar lagalegrar verndar Barnasáttmálans og þurfa því sérstaka athygli. Auk þess er samfélagshópurinn „ungt fólk“ fjölbreyttur og innan hans eru jaðar- og minnihlutahópar sem standa frammi fyrir margþættri mismunun.

LUF aðhyllist fjölmeningarhyggju, beitir sér í félagslegri samlögun og vinnur að því að vernda réttindi og efla þátttöku jaðar- og minnihlutahópa. LUF fordæmir hatursorðræðu og hvers konar mismunun fólks byggða á kynferði, kynhneigð, kyntjáningu, trúarbrögðum, skoðunum, tungumáls, þjóðernisuppruna, fötlunar, örorku, aldurs, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti. LUF setur það sem skilyrði að allir hópar sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu hafi rödd innan alls starfs sem tengist þeirra málaflokki. Ekkert skal framkvæma eða ákveða án þeirra samráðs.

1.2. Jafnrétti

LUF byggir starfsemi sína á jafnréttissjónarmiðum og berst fyrir lagalegu-, félagslegu- og fjárhagslegu jafnrétti ungs fólks. LUF krefst þess að öllu ungu fólki sé tekið alvarlega, óháð kynferði, kynhneigð, kyntjáningu, trúarbrögðum, skoðunum, tungumáls, þjóðernisuppruna, búsetu, fötlunar, örorku, aldurs, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti. Vinna þarf bug á aldursfordómum og því valdaójafnvægi sem litar samskipti á milli kynslóða. LUF fagnar fjölbreytileika og krefst þess að stjórnvöld mæti ólíkum þörfum ungs fólks til þess að tryggja að allir geti notið sömu tækifæra.

LUF leggur sitt af mörkum til að auka aðgengi ungs fólks að hagsmuna- og félagasamtökum og er opin samráðsvettvangur fyrir öll félög ungs fólks. Þá þarf sérstaklega að vinna gegn hindrunum í þátttöku ungs fólks á landsbyggðinni í starfi ungmennafélaga. Auk þess vinnur LUF markvisst gegn hvers konar ofbeldi og

áreitni. Bæði með viðbragðsáætlun í siðareglum félagsins (sem taka einnig til aðildarfélaganna) og með því að tala gegn hverskonar ofbeldi opinberlega. Fullu jafnrétti hefur ekki verið náð og viðurkennir LUF að ávallt er hætta á bakslagi, sem ber að gæta sérstaklega.

1.3. Heilsa og vellíðan

LUF telur að bregðast þurfi við því að hátt hlutfall ungs fólks stríðir við kvíða og depurð. LUF kallar því eftir fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferðum sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan ungmenna. Einnig þarf að efla forvarnir og meðferðir vegna fíknivanda, m.a. misnotkunar fíkniefna og áfengis. Þá er LUF fylgjandi afgangavæðingu fíkniefna. Samræma þarf heilbrigðiskerfið þannig að það nái jafnt utan um bæði líkamleg og andleg veikindi. Óháð búsetu og efnahag þarf að tryggja aðgengi ungs fólks að heilbrigðisþjónustu og viðeigandi meðferðarúrræðum á þann hátt að kerfið sé fyrirbyggjandi og verndi ungt fólk gegn langvarandi veikindum sem geta fylgt fólki alla ævi. Sömuleiðis þarf að vinna gegn einelti og félagslegri einangrun sem hefur skaðleg áhrif á líðan ungs fólks.

1.4. Atvinnu- og menntamál

Tryggja þarf samkeppnishæfni íslenskra ungmenna og aðgengi þeirra að fjölbreyttu námi hérlendis sem og erlendis. Er það áhyggjuefni að fjöldi ungs fólks á menntaskólaaldri sem er hvorki í námi né starfi hefur aukist milli ára á Íslandi. Nauðsynlegt er að stjórnvöld bregðist við og komi í veg fyrir að þessi hópur verði eftir í tækifærum og tekjumöguleikum. Draga þarf úr ofuráherslu á bóknámi og hvetja jafnframt til iðn- og verknáms. LUF hefur auk þess áhyggjur af því að ungt fólk sem útskrifast með háskólagráður fái ekki störf við hæfi þar sem hlutfall háskólamenntaðra í öllum störfum hefur vaxið mjög á undanförunum árum auk þess sem hlutfallslegur munur á kjörum háskólamenntaðra og annarra fer dvínandi. LUF leggur til að tækifæri til skiptináms verði eflað og telur að fjölga þurfi tækifærum á gæða starfsnámi. LUF tekur sterka afstöðu gegn ólaunuðu starfsnámi og leggur til að ríkið og fyrirtæki sem rekin eru með hagnaðarsjónarmiðum styðji við launað starfsnám samhliða því að boðið verði upp á einingar á framhalds- og háskólastigi. Með slíku fyrirkomulagi skapast tækifæri til að þróa mat á óformlegu námi og þannig geta félagasamtök einnig lagt af mörkum.

Ungt fólk öðlast ekki að fullu fjárhagslegt sjálfstæði og öryggi fyrr en á vinnumarkaðinn er komið og ekki er tryggt að fólk gangi beint í viðeigandi vinnu eftir námslok. Fjárhagslegt öryggi kemur því ekki á undan starfsöryggi. Fyrstu skref á vinnumarkaði eru viðkvæmust og því þarf að tryggja aðgengi ungs fólks að upplýsingum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. LUF leggur sérstaka áherslu á mikilvægi þess að taka tillit til þess að með tilkomu millibilsástandsins, sem kom til m.a. vegna þess að ungt fólk er lengur í námi og kemur seinna inn á vinnumarkaðinn, hefur ungt fólk setið verulega eftir í vaxandi hagsæld síðustu

áratuga. Það birtist t.d. í því að frá aldamótum hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist áberandi minnst hjá ungu fólki skv. Hagstofu Íslands.

1.5. Húsnæðismál

Hluti af ferli ungs fólks í átt að fullu sjálfstæði er að flytja að heiman og að hafa getu til að sjá fyrir og viðhalda heimili og stofna fjölskyldu. Ungt fólk býr lengur í foreldrahúsum en áður og jafnvel fram yfir fyrstu skrefin á vinnumarkaði. Skortur á litlum íbúðum og hátt leigu- og íbúðaverð valda þessu. Þetta ástand kemur í veg fyrir sjálfstæði ungs fólks til að sjá fyrir sér og taka ábyrgð á eigin lífi. Með tilliti til þarfa ungs fólks og þess að ungt fólk hefur minni ráðstöfunartekjur en aðrir aldurshópar er þörf á sérstökum úrræðum. LUF kallar á aðgerðir sem miða að því að fjölga búsetuúrræðum á viðráðanlegu verði með tilliti til samgangna og nærþjónustu. Þá telur LUF nauðsynlegt að stjórnvöld hafi raunverulegu samráði við ungt fólk þegar kemur að aðgerðum í húsnæðismálum og setji það í forgang að koma til móts við þarfir viðkvæmstu hópa ungs fólks.

2. ÞÁTTTAKA UNGS FÓLKS

Það er réttur ungs fólks að taka þátt í samfélaginu. Félagsleg útilokun, ójafnrétti og aldursfordómar hindra ungu fólki að njóta virkrar og raunverulegrar þátttöku. Ungt fólk er gagnrýnið á stjórnkerfið, tekur síður þátt í hefðbundnum stjórnmálum og er ólíklegast til að kjósa. Ungt fólk kys fremur nútímalegri aðferðir til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Aðgengi ungs fólks að stefnumótun og ákvarðanatöku samfélagsins er nauðsynlegt ef lýðræði á að þrífast. LUF viðurkennir að ungmennafélög spila lykilhlutverk í að stuðla að samfélagsþátttöku ungs fólks, lýðræðislegri borgaravitund og sjálfbærri þróun.

2.1. Lýðræðisþátttaka

LUF berst fyrir lýðræðisumbótum, styður við lýðræðisþróun, hvetur til þátttöku ungs fólks í kosningum og stjórnmálum og stuðlar að aðgengilegum upplýsingum. LUF tekur afstöðu með lækkan kosningaaldurs í 16 ára í kosningum til forseta, Alþingis og sveitarstjórna. Við 16 ára aldur eru einstaklingar sakhæfir og þeir bera refsíábyrgð, skólaskyldu lýkur, við tekur val um framhaldsnám og fyrstu skref á vinnumarkaði eru tekin - með tilheyrandi tekjuskatti og stórauknu framlagi til samfélagsins. Að þessu sögðu þykir LUF alvarlegt að útiloka þennan aldurshóp frá ákvarðanatöku í samfélagi sem þau gefa af sér til og bera ábyrgð gagnvart, einkum og sér í lagi ákvarðanir sem hafa mest og langvarandi áhrif á þau fremur en aðra aldurshópa.

Rannsóknir sýna að ef að ungu fólki er boðið að taka þátt í ákvarðanatöku og þeirra skoðanir virtar að vettugi getur það orðið til þess að þau missa trú á stjórnmálum og lýðræði í heild sinni. Að þessu sögðu er ekki öll þátttaka af hinu góða. Lítur LUF á

sýndarsamráð mjög alvarlegum augum, þ.e. þegar aðkoma ungs fólks hefur verið notuð af valdhöfum til að réttlæta ákvarðanatöku. Lýðræði krefst raunverulegs samráðs við ungt fólk.

2.2. Stjórnmalapátttaka

LUF hvetur ungt fólk til þátttöku í stjórnmalum, þvert á málaflokka á öllum stigum stjórnsýslunnar. Tryggja þarf aðkomu ungs fólks að ákvörðunartöku og stjórnvöld þurfa að koma í veg fyrir þær hindranir sem ungt fólk mætir í þátttöku þeirra í stjórnmalum. LUF kallar eftir því að sveitarfélög efla ungt fólk til þátttöku í sínu nærsamfélagi með skipun ungmennaráða. Verkferlar við skipun ungmennaráða skulu vera miðstýrðir á landsvísu, lýðræðislegir og gegnsæir til að raunverulegt umboð ungs fólks sé tryggt. Í ljósi þessa kallar LUF eftir því að öll sveitarfélög innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (SP) og skuldbindi sig þannig til að starfa eftir ferlum um „barnvæn sveitarfélög.“ Sömu leiðis kallar LUF eftir því að stjórnvöld ljúki við innleiðingu á Barnasáttmála SP og tryggi raunverulegt samstarf við ungt fólk á öllum stjórnsýslustigum í samræmi við innleiðingu á stefnu um „barnvænt Ísland“ og heildstæða stefnu í málefnum ungs fólks.

2.3. Valdefling og fræðsla

Samfélagsþátttaka er lærd hegðun og ungt fólk þarfnast valdeflingar til að þekkja, æfa og verja réttindi sín - til að hafa getu til að taka þátt og njóta til fulls lýðræðislegrar borgaravitundar. LUF berst fyrir því að óformlegt nám félagasamtaka sé metið að verðleikum í samfélaginu. Það er í takt við lykiláherslur Evrópuráðsins sem hefur allt frá árinu 1995 kallað eftir því að óformlegt nám verði viðurkennt sem mikilvægt framlag til að efla hæfni ungs fólks jafnt í námi sem starfi. LUF skal því vera leiðandi í mannréttinda- og lýðræðisfræðslu í gegnum sjálfböðastarf, námskeið, vinnustofur og annað óformlegt nám. Framlag LUF til málaflokksins er Leiðtogaskóli Íslands (LSÍ) sem rekinn er í þágu aðildarfélaganna. Í LSÍ er lögð rík áhersla á eflingu leiðtogahæfni ungs fólks með óformlegri menntun. Hugmyndafræði skólans byggist á jafningjafræðslu með aðkomu þjálfarateymis LUF sem samanstendur af reyndum þjálfurum innan LUF og aðildarféлага. LSÍ er vettvangur teymisins til að miðla þekkingu og reynslu milli félaganna og þjálfar þannig upp nýja þjálfara (e. train the trainers.)

2.4. Fjármálalæsi

Fjármálalæsi er ein grunnforsendan fyrir virkri samfélagsþátttöku, upplýstri ákvörðunartöku og getu til að taka fulla ábyrgð á eigin lífi. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) og Evrópusambandið (ESB) hafa lýst yfir áhyggjum af versnandi neytendavitund ungmenna. Sökum æ flóknari fjármálþjónustu má greina vaxandi skuldsetningu og greiðsluvanda ungs fólks. LUF lítur grafalvarlegum augum á að ungt fólk á Íslandi stendur aftar öðrum aldurshópum þegar kemur að

fjármálalæsi. Alþjóðlegar PISA kannanir OECD hafa leitt það í ljós og hefur rannsóknin „Fjármálalæsi á Íslandi“ staðfest það. Ljóst er að aukinn skilningur getur komið í veg fyrir óþarfa áhættu og aukið vellíðan ungs fólks með því draga úr fjárhagsáhyggjum. LUF kallar því eftir aðgerðum stjórnvalda til að stórauka áherslu á að bæta fjármálalæsi ungs fólks. LUF telur mikilvægt að allir aldurs- og tekjuhópar, án tilliti til menntunar og starfsreynslu fái viðunandi fræðslu á fjármálum. Það er grunnforsenda þess að einstaklingar öðlist hæfni til að móta fjárhagslega framtíð sína og ná þar með fullu fjárhagslegu sjálfstæði.

2.5. Ábyrgð fjölmiðla

Sem „fjórða valdið“ í lýðræðislega þróuðum löndum er ljóst að fjölmiðlar spila stórt hlutverk, ekki eingöngu er varðar miðlun og aðgengi að upplýsingum, heldur einnig þegar kemur að orðræðu og vitundarvakningu í samfélaginu. Íslenskir fjölmiðlar hafa hingað til ekki haft samræmdar reglur eða viðmið um hvernig skuli fjallað um ungmenni opinberlega. Þá er oft talað um ungt fólk eins og það sé einsleitur hópur fólks sem hegðar sér eftir því. Einnig ber mikið á því að aðilar sem ekki tilheyra þeim hóp tali fyrir þau. LUF kallar eftir því að fjölmiðlar verði aðgengilegri fyrir alla hópa ungs fólks til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og kalli eftir þeirra skoðunum þegar fjallað er um málefni er þau varða.

3. STERK UNGMENNAFÉLÖG

Það er réttur ungs fólks að njóta félagafrelsis. Skortur á skuldbindingu og pólitískum vilja til þess að styðja við, vinna með og nýta borgarasamfélag ungmenna: félags- og hagsmunastarf ungmennafélaga og þau verðmæti sem þau skapa er sóun á mannauði og hamlar samfélagsþátttöku ungs fólks. LUF undirstrikar skort á lagaheimildum og pólitískri viðurkenningu ungmennafélaga sem og brýna þörf ungmennafélaga á stöðugum og viðunandi tekjum. Með aukinni samvinnu ungmennageirans sem og stuðningi ríkisins við ungmennafélög verður hlutverk þeirra áhrifameira og þar með skapa þau meiri samfélagslegan ávinning. Þátttaka í félagsstarfi ungmennafélaga eflir leiðtogahæfni og borgarvitund ungs fólks, vinnur gegn félagslegri einangrun og er vettvangur fyrir ungt fólk til þess að þroska samskiptahæfni og skoðanaskipti. LUF telur því nauðsynlegt að ríkið styðji við hagsmuna- og félagsstörf ungs fólks lagalega, fjárhagslega og félagslega.

3.1. Jafnræði fjárúthlutana

LUF telur að ójöfn fjárframlög ríkisins til frjálsra félagasamtaka ungs fólks sé óviðunandi og er því eitt helsta áherslumál félagsins að berjast fyrir fjárútlátum á jafningjagrundvelli. Hingað til hafa fjárúthlutunar til málaflokksins verið íhaldssamar og byggst á gömlum og úreltum grunni gamalla hefða, sem verður til þess að ungt fólk hefur ekki getað þróað með sér getu og þekkingu til þess að byggja upp sterka málsvara. LUF vill taka upp hlutlaust kerfi að norrænni fyrirmynd þar sem öll

ungmennafélög, að uppfylltum ákveðnum kröfum, fái fjármagn í hlutfalli við félagafjölda og eiga kost á að byggja upp starf sitt á framsýnni hugsun. Þar er einnig tekið tillit til jafnréttissjónarmiða og hlutfalls ungs fólks í stjórn. Þetta fyrirkomulag styrkir einnig stofnun og starfsemi nýrra félaga. Að auki styður LUF samkeppnissjóði til verkefna, en vart ert samkeppni um slíka sjóði (t.d. Æskulýðssjóð) ef jafnræði í fjárúthlutunum ríkisins er ekki tryggt. Það veldur því að félögin með sterkustu innviðina (vegna ríkisfjárveitinga) hirða mest fé, á meðan þau félög sem byggja einvörðungu á sjálfböðastarfi ungs fólks standa á brauðfótum.

3.2. Ungmennastjórnir

LUF styður við stjórnir ungmennafélaga eða ungmennafélög þar sem ungt fólk fer með ákvarðanavaldið og lýðræðisleg ungmennaráð innan skipulagsheilda sem njóta sjálfstæðis í aðgerðum og ákvarðanatöku. Án ungmennastjórna verður ungmennasambætting aldrei að veruleika. Ríkisskattstjóri hefur þó neitað almennum félögum um breytingar á skráningarskyldum sínum sökum þess að ólögráða einstaklingar hafa verið kjörnir í stjórn, þvert á mannréttindaákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 um ákvæði um félagafrelsi og jafnræði. Einnig gegn réttindum barna til tjáningar og þátttöku í samfélaginu sem eru sérstaklega tryggð í 12. til 15. gr. Barnasáttmála SP, sbr. lög nr. 19/2013. Eiga börn því sjálfstæðan rétt til þess að stofna og taka þátt í félögum. LUF tekur skýra afstöðu gegn slíkum mannréttindabrotum og mismununar á grundvelli aldurs, sem andstæð er jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. LUF skorar á frjáls félagasamtök að hleypta ungu fólki að í auknum mæli í stjórnir og aðrar áhrifastöður. Ungt fólk styrkir þriðja geirann með endurnýjun innan samtaka, almenna ákvarðanatöku með öðrum sjónarmiðum, nútíma- og tæknivæðingu og nýsköpun.

3.3. Heildarmálsvari

Með meginhlutverki sínu sem samstarfs- og samráðsvettvangur frjálsra ungmennafélaga stuðlar LUF að auknu samstarfi allra hagsmunaaðila, innan ungmennageirans jafnt innanlands sem og erlendis. Skilvirkni og ávinningur hámarkast með samstarfi hagsmunaaðila í átt að sameiginlegum markmiðum og þekking og reynsla eykst. LUF stefnir að fjölgun aðildarféлага, sameinaðri ungmennageira, eflingu samstarfs við stofnanir og aukinni alþjóðasamvinnu. LUF eru aðgengileg og opin regnhlífásamtök og er brú á milli félagasamtaka, geira, kynslóða og landa. LUF leggur áherslu á samstarf við lýðræðislegar skipulagsheildir sem tryggja aðkomu ungs fólks að ákvarðanatöku og samræmast markmiðum og stefnu félagsins. LUF tryggir hlutverk sitt með því að sjá til þess að Leiðtogaráð LUF sé helsti samráðsvettvangur ungs fólks við stjórnvöld.

4. ALÞJÓÐAMÁL

Alþjóðlegt samstarf er því rauður þráður í starfsemi LUF. Samkvæmt samþykktum félagsins er LUF málsvari aðildarfélaganna og talar fyrir hagsmunum þeirra gagnvart alþjóðlegum stofnunum. LUF er aðili að Evrópska ungmennavettvanginum (e. *European Youth Forum - YFJ*) sem er viðurkenndur lögmætur fulltrúi Evrópskra ungmennafélaga gagnvart alþjóðastofnunum á borð við Evrópuráðið, ESB og SP. Á ensku heitir LUF „The National Youth Council of Iceland“ og innan þessarar alþjóðlegu heildarsamtaka koma saman öll „National Youth Councils“ (NYCs) í Evrópu, auk annarra evrópskra ungmennasamtaka. Uppbygging LUF er eins og annarra NYCs innan Evrópulandanna til að standast alþjóðlegar kröfur: Lýðræðisleg regnhlífarsamtök frjálsra félagasamtaka þar sem ungt fólk fer með ákvarðanavald. LUF sér til þess að viðhalda þeim gæðastimpli sem því fylgir að vera NYC með aðild að YFJ með því að tryggja að aðildarfélögin starfi eftir samþykktum LUF. Þá er LUF í mjög nánun alþjóðlegu samstarfi við nágrannaríkin og er t.d. aðili að Norðurlanda- og Eystrasaltsríkjasamstarfinu (e. *Nordic Baltic Cooperation - NBC*). Innan þessara alþjóðlegu heildarsamtaka er LUF virkur þátttakandi sem hagsmunaaðili ungra Íslendinga á alþjóðavettvangi og hefur sem slíkur bein áhrif á stefnumótun og ákvörðunartöku ungs fólks á alþjóðavísu.

Þess er krafist að Íslensk stjórnvöld framfylgi þeim ályktunum, samningum, tilmælum og sáttmálum sem Evrópuráðið og Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt. Þá einkum stefnu Evrópuráðsins í málefnum ungs fólks til ársins 2030 (e. *Youth Strategy 2030*) og stefnu SP um ungt fólk „*Youth 2030: The UN Youth Strategy*“: leiðarvísir aðildarríkja SP fyrir málaflokkinn.

4.1. Sjálfbær þróun

Afleiðingar ákvarðana sem teknar eru í dag skipta sköpum fyrir velferð ungs fólks í framtíðinni. Umhverfisleg-, efnahagsleg- og félagsleg sjálfbærni er nauðsyn fyrir hagkomandi kynslóða. Nýting auðlinda skal ekki hafa skaðleg áhrif á jörðina. LUF talar fyrir sjálfbærni og endurnýtingu svo komandi kynslóðir geti notið þeirra auðlinda sem jörðin hefur uppá að bjóða. Með tilkomu Heimsmarkmiða SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030, Parísarsamkomulagsins og ályktunar Öryggisráðs SP nr. 2250 (2015), 2419 (2018) og 2535 (2020) um ungt fólk, frið og öryggi eru gerðar kröfur um skuldbindingar ríkisstjórna og stofnanna til að stuðla að sjálfbærni. LUF kallar eftir því að Íslensk stjórnvöld auki aðkomu sína í framkvæmd á ofantöldu alþjóðlegu skuldbindingum. Mest er í húfi fyrir yngstu kynslóðirnar og því krefst sjálfbær þróun virkrar og raunverulegrar þátttöku ungs fólks.

LUF leggur sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar með því að halda stefnu þessari á lofti í hvívetna og vera leiðandi í innleiðingu Heimsmarkmiða SP. Einnig með því að starfrækja Leiðtogaskóla Íslands þar sem innleiðing heimsmarkmiða SP eru höfð að leiðarljósi. Ennfremur tryggir LUF að ungt fólk séu þátttakendur í að stuðla að

sjálfbærri þróun með því að kjósa ungmennafulltrúa Íslands hjá SP. Ungmennafulltrúarnir skipa Sendinefnd LUF hjá SP sem virkar sem vinnuhópur, ráðgjafaráð, upplýsingaveita og brú á milli LUF, Félags SP á Íslandi og sendandi ráðuneyta.

4.2. Þróunarsamvinna

LUF lætur réttindi ungs fólks sig varða - um allan heim. Ungt fólk, undir 26 ára aldri, er meira en helmingur jarðarbúa og þar af búa 80 prósent í þróunarlöndum. Áhyggjuefni er að ungt fólk er sá hópur sem verður fyrir mestum áhrifum vegna stríðs og átaka um heim allan. Staðbundin fátækt er með stærstu vandamálum heimsins í dag og því verður jafnræði aðeins tryggt með samvinnu þjóða í útrýmingu fátæktar. LUF er skuldbundið til þess að framfylgja Heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun og er stefna þessi í samræmi við markmiðið númer eitt; „Engin fátækt“ sem miðar að því að útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar. Rannsóknir sýna einnig að fólk sem lifir undir fátæktarmörkum er ólíklegra til þess að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegum ferlum og er aukin fátækt því ógn við lýðræði.

LUF kallar eftir því að stjórnvöld standi við skuldbindingar sínar í þróunarsamvinnu og auki framlög í málaflokknum í takt við önnur iðnríki og markmið SP. LUF telur mikið áhyggjuefni að stjórnvöld hafi dregið úr fjárframlagi til þróunarsamvinnu seinustu ár og að hlutfallsleg framlög Íslands séu langt undir framlögum annarra iðnríkja og markmiðum SP, sem eru 0,7% af þjóðarframléiðslu. LUF skal vera í samvinnu við utanríkisráðuneytið og stuðla að aukinni fræðslu á málefnasviðum þess. Mikilvægt er að ungt fólk ungt fólk taki þátt í þróunarsamvinnu, enda varðar hún ungt fólk hlutfallslega mest.